

ALLSHERJARHÚS RÉTTVÍSINNAR

Riðván 2000

Til bahá'ía um allan heim

Heittelskuðu vinir

Við lútum höfði í þökk til Drottins herskaranna, með hjörtun full af gleði, er við berum vitni þeim frábæru framförum sem orðið hafa á þeim fjórum árum síðan að þessari hnattvíðu áætlun, sem lýkur á þessari hátíð ljómans, var hrundið úr vör. Svo greinileg eru framfarasporin sem stigin hafa verið á þessum tíma, að heimssamfélag okkar hefur náð hæðum þaðan sem glöggst sést bjarma fyrir nýjum sjónarhringjum framtíðarþrekvirkja.

Hin mælanlegu framfaraspor áttu fyrst og fremst rót að rekja til framfara á gæðasviðinu. Menning bahá'í samfélagsins breyttist. Breytinguna má greina í aukinni hæfni, kerfisbundnu starfsmynstri og dýpra sjálfstrausti sem af því hlaust á meðal hinna þriggja þátttakenda áætlunarinnar – einstaklinganna, stofnananna og svæðissamfélaga. Þetta hefur gerst vegna þess að vinirnir gerðu sér meira far um að dýpka þekkingu sína á hinum guðlegu kenningum; þeir lærðu mikið, með skipulagðari hætti en fyrr, hvernig þeir eiga að beita sér þegar þeir vinna að útbreiðslu málstaðarins, skipuleggja einstaklings- og hópverkefni og starfa með meðbræðrum sínum. Þetta var í einu orði sagt lærdómsferli sem ól af sér markvissa framkvæmd. Aðalhreyfiafl þessara breytinga var kerfi þjálfunarstofnana, sem settar voru á fót með miklum hraða víða um heim. Hér er um að ræða afrek á sviði útbreiðslu og treystingar sem líta verður á sem veigamestu einstöku arfleifð fjögurra ára áætlunarinnar.

Kerfi þjálfunarstofnana sýndi í öllu tilliti hve ómissandi það er sem hreyfiafl í hópinnngönguferlinu. Þetta birtist í aukinni getu einstaklinga til að kenna trúna eins og kraftur frumkvæðis af hálfu einstaklinga hefur sannað, í meiri getu andlegra ráða og nefnda til að taka forystu í viðleitni vinanna og með tilkomu nýs mynsturs í hugsun og starfsemi sem hafði áhrif á sameiginlega hegðun svæðissamfélagsins. Með því að færa út starfsemi sína og efna til svæðisbundinna námshringja juku margar þjálfunarstofnanir hæfni sína til að ná til stærri svæða með námskerfum sínum. Í Mongólíu var t.d. komið á fót 106 námshringjum og þetta hafði þau áhrif að fjöldi nýrra átrúenda jókst verulega. Samtímis beindu meðlimir heimsvíðs samfélags okkar athygli sinni í meira mæli að því að sækja sér styrk til bænaraflsins, hugleiðslu hins heilaga orðs og að því

að öðlast þá andlegu blessun sem fylgir þátttöku í tilbeiðslusamkomum. Það er fyrir tilstuðlan þessara þátta í aukinni umbreytingu einstaklinga og samfélags sem samfélagið stækkar. Þótt fjöldi nýrra átrúenda hafi enn sem komið er aðeins að litlu leyti farið fram úr því sem gerst hefur á síðustu árum, er einstaklega ánægjulegt að sjá að þessi fjölgun er núna landfræðilega dreifð, nær til sífellt stærri hluta samfélagsins og virkjar nýja átrúendur í lífi málstaðarins með góðum árangri.

Svo heillavænlegum aðstæðum og björtum horfum fyrir trúna er að miklu leyti einnig að þakka ómetanlegri ráðgjöf, samvinnu og hagnýtu starfi álfuráðgjafanna. Starfsvið þeirra var rýmkað hvað varðar myndun og starfsemi þjálfunarstofnanna, en sú rýmkun endurspegladi tímabæra örvun sem lifandi og árvökul alþjóðakennslumiðstöð veitti.

Grunnstef fjögurra ára áætlunarinnar – þróun hópinnngönguferlisins – leiddi til mikillar samhæfingar hugsunar og starfsemi. Hún beindi athyglinni að meiri háttar áfanga í þróun bahá'í samfélagsins sem verður að ná á mótunaröldinni; því réttar aðstæður fyrir fjöldayfirlýsingar, þeim tímamótum sem Shoghi Effendi heitir í ritum sínum, skapast ekki fyrr en tekist hefur að viðhalda hópinnngöngu. Þematískt áhersluatriði áætlunarinnar hafði þýðingu fyrir öll svið bahá'í starfsemi; það kallaði á skýran skilning sem gerði mögulega kerfisbundna og þaulskipulagða áætlanagerð sem forsendu starfsemi einstaklinga og hópa. Meðlimir samfélagsins lærðu smám saman að meta hvernig skipulagning gæti auðveldað ferli vaxtar og þroska. Þessi aukna vitund var gríðarlegt skref sem leiddi til bættrar kennslustarfsemi og breytingar á menningu samfélagsins.

Þeir þættir áhersluatriðisins sem snúa að samhæfingu komu skýrt fram í viðleitni til skipulagningar, uppbyggingar á hæfni stofnananna og þróunar mannauðsins. Þráðinn sem tengdi allt þetta má rekja frá upphafi áætlunarinnar til loka hennar. Ráðstefna álfuráðanna í Landinu helga í desember 1995 markaði byrjunina. Þar var ráðgjöfunum gerð grein fyrir ýmsum þáttum áætlunarinnar og í kjölfar hennar áttu þeir samráð með andlegum þjóðarráðum þar sem gerðar voru áætlunir á þjóðlegu sviði en þær voru síðan yfirfærðar á svæðissviðið með þátttöku aðstoðarráðgjafa, andlegra svæðisráða og nefnda. Þannig samtvinnuðust allir þættir bahá'í stjórnskipulagsins í gerð áætlana uns þær komust á framkvæmdastig. Að því búnu varð að skapa hæfni á meðal stofnananna til að takast á við innngöngu í hópum. Tvö stór skref voru stigin í þessu tilliti: eitt var myndun þjálfunarstofnana, hitt var formleg stofnun bahá'í landshlutaráða og útbreidd kynning á þeim en þau eru þáttur í stjórnskipulaginu á milli svæðis- og þjóðarstigsins og þjóna þeim tilgangi að styrkja stjórnskipulagshæfni vissra samfélaga þar sem margslungin málefni sem lúta að andlegu þjóðarráðunum útheimta slíka þróun. Gerð skilgreindra framkvæmdaáætlana vegna starfsemi á sviði félagslegrar og efnahagslegrar þróunar, sem er úrslitaráðandi atriði í treystingu, og á sviði ytri samskipta, sem er mikilvægur þáttur í að gera trúnni

kleift að hafa stjórn á afleiðingum aukins sýnileika, hafði jafnmikið vægi fyrir samþættingu aðalatriða hópinnngönguferlisins. Að öllu meðtöldu var starfið árangursríkt og er ógjörlegt að telja upp alla þætti þess á þessum síðum. Okkur langar þó til að segja frá vissum hápunktum sem sýna fram á umfang þess árangurs sem náðist í áætluninni.

Í Landinu helga var uppbyggingu stallanna og framkvæmdum við byggingarnar á Boganum haldið áfram með fullri vissu um að staðið yrði við yfirlýstan lokafrágangseindaga þeirra í enda þessa gregoríska árs. Auk þess verður byggingin í Haifa, sem við nefndum í síðustu Riðvánboðum okkar í tengslum við fjölgun í pílgrímahópunum, tilbúin til notkunar frá og með Riðván á þessu ári. Samtímis voru áætlanir arkitekta um nauðsynlega aðstöðu, sem koma þarf upp í Bahjí til að hýsa pílgríma og aðra bahá'í og ei-bahá'í gesti, samþykktar. Þýðingu textanna fyrir nýtt bindi af ritningum Bahá'u'lláh er lokið og er undirbúningur að útgáfu þess hafinn.

Sýnilegur skriður komst á útbreiðslu og treystingu á öðrum sviðum en þeim sem þegar hafa verið nefnd. Má þar nefna brautruðning, kynningu, útgáfu bókmennta, beitingu listrænnar tjáningar, myndun andlegra ráða og framfarir á meðal samtaka um bahá'í fræði. Um 3300 átrúendur fóru í skammtíma- eða langtímabrautruðning. Það er enn til marks um aukinn þroska þjóðarsamfélaganna að mörg lönd sem venjulega hafa þurft á brautryðjendum að halda eru sjálf að senda frá sér brautryðjendur. Meðlimir kanadíska og bandaríska samfélagsins, trúir þeim fyrirmælum sem til þeirra var beint, hafa skarað fram úr hvað varðar fjölda brautryðjenda og langtum meiri fjölgun ferðakennara, en á meðal þeirra var dágóður fjöldi ungmenna. Sérstaklega eftirtektarverð voru einnig hlý viðbrögð átrúenda af afrískum uppruna í Bandaríkjunum við því kalli sem útgekk um að bahá'í kennarar ferðuðust til Afríku.

Kynning málstaðarins fól í sér ýmsa starfsemi þar sem staðið var fyrir fjölbreyttum viðburðum, s.s. hátíðahöldum, minningarathöfnum, hópumræðum, sýningum og öðru slíku, sem gerðu fjölda fólks kleift að kynnast kenningum trúarinnar. Musterin drógu að sér gesti í vaxandi mæli, einkum á Indlandi þar sem tekið var á móti fimm milljón gestum á síðasta ári. Til viðbótar þessu voru fjölmiðlar notaðir með margvíslegum hætti til að koma bahá'í boðskapnum á framfæri. Í Bandaríkjunum brugðust um 60.000 manns við fjölmiðlaherferð sem Landskennslunefndin skipulagði. Um allan heim breiddist þekking á trúnni út með auknum fjölda jákvæðri greina sem birtust í dagblöðum og tímaritum að frumkvæði þeirra sjálfra. Svipuð þróun í átt til breiðari kynningar varð hjá útvarps- og sjónvarpsstöðvum, sem sýndu áhuga á að hafa reglulegt bahá'í efni í dagskrá sinni; þetta gerðist í löndum eins og Kongó-Lýðveldinu og Líberíu. Þessi heillavænlega þróun náði hámarki þegar alþjóðlegar fjölmiðlastofnanir ákváðu, að eigin frumkvæði, að nota grafhýsi Bábsins og stallana sem bakgrunn fyrir sjónvarpsútsendingar þegar Landið helga fagnaði komu ársins 2000.

Listræn tjáning varð mikilvægur þáttur í starfsemi heimssamfélagsins á sviði kynningar, kennslu, dýpkunar og tilbeiðslu. Listgreinar löðuðu að sér ungt fólk sem beitti þeim í kennslu- og dýpkunarstarfi sínu aðallega með fjölda leikhópa og listasmiðja sem störfuðu víða um heim. En hreyfiafl listarinnar náði síður en svo aðeins til söngs og dans. Það fól einnig í sér hugmyndaríka starfsemi sem grundvallaði fólk í trúnni. Þar sem alþýðulist var notuð, þá sérstaklega í Afríku, styrktist kennslustarfið mjög. Ghana og Líbería gengust t.d. fyrir verkefninu „Ljós einingar“ sem miðar að því efla listræna tjáningu í kennslu. Á Indlandi vann „Communal Harmony Group“ að svipuðu markmiði.

Þýðing og útgáfa bahá'í bókmennta var örвуð, sérstaklega í Afríku og á Indlandi, að mestu vegna hvatningar ráðgjafanna og með stuðningi álfusjóðsins. Auk þess var Kitáb-i-Aqdas gefin út í heildstæðri arabískri útgáfu og á öðrum tungumálum.

Takmarkanir á myndun andlegra svæðisráða á fyrsta degi Riðván tóku gildi árið 1997 og leiddu til fyrirsjáanlegrar fækkunar þessara stofnana, en samdrátturinn var ekki verulegur. Fjöldinn hefur síðan haldið sér og traust styrkingarferli er í gangi. Sjö nýjar stoðir Allsherjarhúss réttvísinnar voru reistar og fjöldi andlegra þjóðarráða er nú 181.

Á þessum fjórum árum hefur verið sérstaklega ánægjulegt að sjá aukna áhersla lagða á bahá'í fræðimennsku, sem hefur rutt sér til rúms til gagns fyrir það bráðnauðsynlega verkefni að styrkja vitsmunalegar stoðir í starfi trúarinnar. Tvenns konar ómetanlegur árangur hefur náðst: áhrifamikið framlag til bahá'í bókmennta og útgáfa ritgerða um ýmis samtímavandamál í ljósi bahá'í kenninganna. Bahá'í fræðasamtakakeðjan sem heldur í ár upp á aldarfjórðungsafmæli sitt fagnaði stofnun fimm nýrra deilda meðan á áætluninni stóð. Sem dæmi um fjölbreytileika og sköpunargleði sem finnur farveg á þessum starfsvettvangi var fyrsta ráðstefnan í bahá'í fræðum á Papúa Nýju Gíneu og einnig má nefna brautryðjendastarf japönsku samtakanna varðandi rannsóknir á andlegum uppruna hefðbundinnar japanskrar fræðimennsku.

Framfarir á sviði félagslegrar og efnahagslegrar þróunar voru vissulega til marks um aukin gæði þótt tölurnar sem sýna fjölgun verkefna séu einnig tilkomumiklar. Árlegum verkefnum fjölgaði úr um 1.600 í byrjun áætlunarinnar í meira en 1.900 þegar dró að lokum hennar. Þróun í átt til kerfisbundnari nálgunar var ríkjandi einkenni starfseminnar á þessum tíma. Til að stuðla að samráði um kenningarnar um félagslega og efnahagslega þróun og framkvæmd þeirra, gekkst skrifstofa félagslegrar og efnahagslegrar þróunar við bahá'í heimsmiðstöðina fyrir 13 landssvæðanámskeiðum sem u.þ.b. 700 fulltrúar frá 60 löndum tóku þátt í. Þessi skrifstofa sá einnig um gerð tilraunaverkefna og námsefnis sem hæfði skipulögðum herferðum til að stuðla að læsi, eflingu ungmenna, þjálfun sjálfboðaliða á sviði heilbrigðismála, framsókn kvenna og siðferðilegu uppeldi.

Dæmi um þetta var áætlun í Guyana þar sem meira en 1.500 leiðbeinendur á sviði læsis fengu þjálfun. Annað dæmi má nefna frá Malasíu, en þar var lokið verkefni í átta þrepum til að stuðla að framsókn kvenna, sem varð grundvöllur þjálfunarbúða í Afríku, Asíu og rómönsku Ameríku. Áætlun um að láta bahá'í útvarpsstöðvar taka þátt í starfsemi þjálfunarstofnana var hafin í Guaymi héraði Panama. Þar sem þjálfunarstofnanir geta einnig séð um þjálfun á sviði félagslegrar og efnahagslegrar þróunar, eru tólf þeirra að gera tilraunir með verkefni á sviði læsis, þjálfunar sjálfbóðaliða á heilbrigðissviði og verknámsþjálfunar. Mörg samtök sem styrkt eru af bahá'í stofnunum eða sem hafa hlotið innblástur frá bahá'í kenningunum, hafa helgað orku sína verkefnum eins og því sem felur í sér samstarf við Alþjóða heilbrigðisstofnunina (WHO) um baráttu gegn fljótablindu í Kamerún. Meira en 30.000 einstaklingar hafa fengið nauðsynleg lyf fyrir atbeina þessa bahá'í verkefnis. Annað dæmi er Einingarháskólinn (Unity College), sem er einkaháskóli í Eþíópíu, en nemendur hans eru nú um 8.000 talsins. Enn annað dæmi er Landegg menntastofnunin í Sviss sem veitti mjög vel þegna hjálp í tilraunum til að ráða bót á skelfilegum þjóðfélagslegum afleiðingum átakanna á Balkanskaga um leið og hún stóð fyrir útvíkkun og treytingu akademískrar námskrár sinnar. Enn annað dæmi er Núr háskólinn í Bólívíu sem í samvinnu við Ekvador, bauð meira en 1.000 skólakennurum upp á þjálfun samkvæmt námskrá sinni í siðferðisforystu. Á þessum vettvangi félagslegrar og efnahagslegrar þróunar eru slíkir vitnisburðir um hæfnisuppyggingu til mikils gagns fyrir markmið áætlunarinnar.

Með stefnumörkunina um ytri samskipti að leiðarljósi, sem andlegu þjóðarráðunum var send árið 1994, hefur hæfni samfélagsins á sviði erindreksturs og almannatengsla einnig vaxið á undraverðan hátt og komið bahá'í samfélaginu í virka snertingu við Sameinuðu þjóðirnar, ríkisstjórnir, grasrótarsamtök (NGO's) og fjölmiðla. Stefnumörkunin beindi starfseminni á alþjóðlegu og þjóðlegu sviði að tveimur lykilmarkmiðum: að hafa áhrif á heimsfriðarferlið og verja trúna. Með aðferðum sem teknar voru upp til varnar ástkærum trússystemum í Íran, ávann alþjóðlega bahá'í samfélagið sér aukna virðingu og stuðning sem skapaði tækifæri til að framfylgja öðrum markmiðum áætlunarinnar. Til að mæta ógnum hins erfiða ástands í Íran fundu stofnanir okkar og skrifstofur á sviði ytri samskipta nýjar leiðir til að virkja stjórnþæki ríkisstjórna og Sameinuðu þjóðanna. Ofsóknirnar í Íran vöktu athygli æðstu yfirvalda á plánetunni. Fréttirnar um að íranskur dómstóll hefði staðfest dauðadóma yfir tveimur vinanna og kveðið upp svipaðan dóm yfir þeim þriðja vakti hörð viðbrögð forseta Bandaríkjanna sem gaf út skýra viðvörðun til Írans. Afleiðingin af íhlotun heimsleiðtoga og Sameinuðu þjóðanna var sú að aftökum á írönskum bahá'íum var nánast hætt og jafnframt minnkaði verulega fjöldi þeirra sem dæmdur var til langrar fangelsisvistar.

Á sama tíma og við fögnum þessari íhlotun, lofum við sjálfsfórnaranda, hugprýði og óhagganlega trú bræðra okkar og systra í Íran sem hafa gætt slíka viðleitni getumagni. Þessir augljósu eiginleikar sálarinnar vekja furðu samlanda

þeirra, sem undrast það úthald sem þeir sýna andspænis þeim árásum sem svo grimmilega og vægðarlaust er beint gegn þeim. Hvernig er öðruvísi hægt að útskýra hversu lengi svo fáum hafi verið megnugt að bjóða svo mörgum birginn. Hvernig gætu þeir annars hafa vakið raunverulegar áhyggjur heimsins, jafnvel þegar aðeins einum þeirra var hótáð lífláti? Harmleikur Írans er sá að árásmönnunum hefur fram að þessu láðst að skilja að þær himnesku kenningar sem þetta ofsótta fólk hefur fórnað fyrir eigum sínum og jafnvel lífi fela í sér lausnina sem myndi fullnægja þrá þjóðar á óánægjutímum. En alls enginn vafi getur leikið á því að sú kerfisbundna harðstjórn sem íranskir vinir okkar hafa verið beittir svo grimmilega mun að lokum láta undan því almáttuga valdi sem stjórnar hinni leyndardómsfullu ferð þeirra í átt að sínum fyrirheitnu örlögum í allri sinni dýrð.

Hvað varðar fyrra markmið stefnumörkunarinnar á sviði ytri samskipta byggðist starfsáætlunin á fjórum þáttum – mannréttindum, stöðu kvenna, hnattrænni hagsæld og siðferðilegri þróun. Skýrslur okkar sýna stór skref fram á við varðandi mannréttindi og stöðu kvenna. Hvað hið fyrra áhrærir, fylgdi skrifstofan hjá SP hugvitssamri áætlun um uppfræðslu í mannréttindamálum sem fram til þessa hefur aukið hæfni ekki færri en 99 andlegra þjóðarráða til erindrektsturs. Varðandi seinna atriðið má sjá af tilvist 52 þjóðarskrifstofa fyrir framsókn kvenna, framlögum fjölmargra bahá'í kvenna og karla á ráðstefnum og starfshópum á öllum stigum, vali á bahá'í fulltrúum í lykilstöður í mikilvægum nefndum grasrótarsamtaka, þar með talinni þeirri sem þjónar þróunarsjóði SP fyrir konur, hve fylgjendur Bahá'u'lláh hafa verið iðnir við að útbreiða kenningu Hans um jafnrétti karla og kvenna.

Samtímis er í gangi margs konar framtak sem stuðlar að því að dreifa upplýsingum um bahá'í trúna til ýmissa þjóðfélagshópa. Má þar nefna nýstárlegt verkefni á borð við „The Bahá'í World“ netsíðuna sem fær um 25.000 heimsóknir á mánuði, útgáfu yfirlýsingar sem ber heitið: „Hver semur framtíðina?“ (Who is Writing the Future) sem hjálpar vinunum hvarvetna til að ræða samtímamálefni; útvarpið „Payam-e-Doost“ sem hefur starfað síðan í nóvember á alnetinu og útvarpar dagskrá á persnesku í eina klukkustund á viku á stórborgarsvæðinu í Washington D.C. og ætíð er hægt að ná útsendingum hennar um allan heim á alnetinu. Einnig má nefna gerð mjög frumlegs sjónvarpsþáttar þar sem siðferðilegum kenningum er beitt við lausn á hversdagslegum vandamálum en þeir hafa fengið hlýjar móttökur yfirvalda í Albaníu, Bosníu-Herzegóvínu, Búlgaríu, Króatíu, Ungverjalandi, Rúmeníu, Slóveníu, og fyrrverandi júgóslavíulýðveldinu Makedóníu.

Fyrirbæri nokkuð hefur eflst og styrkst eftir því nær dregur aldamótunum en það er að íbúar jarðar hafa risið upp til að tjá vonir sínar á vettvangi sem þekktur er undir nafninu „frjáls félagasamtök“ (organizations of civil society). Það hlýtur að vera mikið ánægjuefni fyrir bahá'ía alls staðar að Alþjóðlega bahá'í

samfélagið, sem grasrótarsamtök sem stendur fyrir þverskurð mannkyns, hefur áunnið sér slíkt traust sem sameinandi afl í stórmikilvægum umræðum sem móta framtíð mannkynsins. Aðalfulltrúi okkar við SP var skipaður formaður nefndar ópólitískra samtaka, sem útnefnd var af Efnahags- og félagsmálaráði samtakanna (Economic and Social Council), en þessi staða veitir Alþjóðlega bahá'í samfélaginu leiðandi hlutverk í skipulagningu árþúsundaráðstefnunnar. Þessi ráðstefna, sem framkvæmdastjóri SP, Kofi Annan, hefur boðað til og haldin verður í maí mun gefa frjálsum félagasamtökum tækifæri til að koma á framfæri skoðunum og tillögum um hnattræn málefni sem síðan verða tekin upp á leiðtogafundinum sem verður haldinn í september nk. í tilefni árþúsundamótanna og sóttur verður af leiðtogum ríkja og ríkisstjórna.

Það að mannkynið er að vakna til meðvitundar um andlegar víddir breytinganna sem eru að verða í heiminum hefur sérstaka þýðingu fyrir bahá'ía. Samskipti trúarbragðanna hafa aukist. Í fjögurra ára áætluninni varð trúin í auknum mæli viðurkenndur þáttakandi. Á heimstrúarbragðþinginu sem haldið var í Höfðaborg í desember sl. komu um 6.000 fundargestir saman og meðal þeirra var öflug sendinefnd bahá'ía. Bahá'íar þjónuðu bæði á suður-afrísku og alþjóðlegu framkvæmdanefndinni sem skipulagði viðburðinn. Fyrir bahá'ía var áhuginn á honum fyrst og fremst bundinn við þá staðreynd að nafn Bahá'u'lláh var fyrst nefnt á almennri ráðstefnu á Vesturlöndum á heimstrúarbragðþinginu í Chicago árið 1893. Bahá'íar tóku þátt sem boðsgestir í tveimur samtrúarlegum viðburðum sem voru haldnir í Jórdaníu í nóvember; ráðstefnu um átök og trúarbrögð í Miðausturlöndum og árlegum fundi heimsráðstefnunnar um trú og frið. Bahá'í fulltrúar sóttu viðburði í Páfagarði og Nýju-Delí sem rómversk-kaþólska kirkjan gekkst fyrir; á seinni viðburðinum, þar sem Jóhannes Páll II páfi var viðstaddur, ávarpaði Zena Sorabjee álfuráðgjafi fundinn sem einn af fulltrúum trúarbragðanna. Í Bretlandi kom trúin fyrir almenningssjónir þegar bahá'í fulltrúar tóku höndum saman við átta önnur heimstrúarbrögð í hátíðarhöldum í tilefni árþúsundamóta í Royal Gallery í Westminster höll. Þar var í áheyrn konungborins fólks, forsætisráðherra, erkibiskupsins af Kantaraborg og annarra virtra gesta vísað til samfundar „níu heimstrúarbragða í Bretaveldi“. Í Þýskalandi tóku bahá'íar í fyrsta sinn þátt í samtrúarlegum viðræðum. Þetta breytti langvarandi viðhorfi kristinna söfnuða sem forðuðust samband við trúna vegna bókar sem sáttmálsbrjótur skrifaði og lútersk útgáfustofnun gaf út árið 1981. Bót var ráðin á þessu í 600 blaðsíðna andsvari sem þrjú bahá'íar rituðu og gefið var út árið 1995 af leiðandi útgáfufyrirtæki sem ekki er í eigu bahá'ía. Þetta var merkur sigur fyrir þýska bahá'í samfélagið. Ensk þýðing var gefin út á síðasta ári áætlunarinnar. Samtrúarviðræður tóku á sig óvenjulega mynd þegar fulltrúar Alþjóðabankans og níu heimstrúarbragða héldu fund í Lambeth höll árið 1998 sem leiddi til myndunar „Þróunarmálþings heimstrúarbragðanna“ (World Faiths' Development Dialogue). Yfirlýst markmið þessa málþings er að reyna að brúa bilið milli trúarsamfélaga og heimsbankans til að gera þeim kleift að vinna betur saman til að sigrast á fátækt í heiminum. Tíðni og umfang trúarbragðafunda er

nýtt fyrirbæri í tengslum trúarbragðanna. Það er augljóst að ýmis trúarsamfélög eru að reyna að ná þeim anda bræðralags og vináttu sín á milli sem Bahá'u'lláh hvatti fylgjendur sína til að sýna fylgjendum annarra trúarbragða.

Einbeitt viðleitni bahá'í samfélagsins á þessum fjórum árum kom á tíma þegar hið ytra samfélag barðist gegn fláumi andstæðra hagsmunamála. Á þessu stutta en gríðarlega frjóa tímabili hafa öflin sem eru að verki innan bahá'í samfélagsins og um allan heim magnast stig af stigi. Í kjölfar þeirra birtust greinilegar en nokkru sinni fyrr þau þjóðfélagslegu fyrirbrigði sem Shoghi Effendi sagði til um. Fyrir meira en sex áratugum vakti hann athygli á „ferli riss og falls, uppbyggingar og niðurbrots, skipulags og óreiðu, samtímis og með samfelldri og gagnkvæmri virkun beggja þátta“. Þessu tvíþætta ferli miðaði ekki áfram úr tengslum við sérstök málefni bahá'í samfélagsins heldur með þeim hætti að boðið var upp á beina íhlutun trúarinnar eins og þegar hefur verið sýnt fram á. Þau virtust vindast fram eftir sömu tímarás en eftir gagnstæðum hliðum hennar. Annars vegar kyntu trúar-, stjórn mála-, kynþátta- og ættflokkaátök undir stríð sem geysuðu á um 40 svæðum, nokkur lönd lömuðust í kjölfar skyndilegs og algjörðs hruns á borgaralegu skipulagi, hermdarverk sem pólitískt vopn urðu að faraldri og flóðbylgja alþjóðlegra glæpasamtaka vakti ógn. En hins vegar voru heiðarlegar tilraunir gerðar til að framkvæma og útfæra leiðir til að stuðla að sameiginlegu öryggi sem hlýtur að leiða hugann að einu af læknisráðum Bahá'u'lláh til að viðhalda friði. Kall gekk út um að stofna alþjóðalegan glæpadómstól, enn eitt atriði sem er í samræmi við bahá'í væntingar. Til að beina athyglinni að hinni knýjandi þörf fyrir fullnægjandi kerfi til að fjalla um heimsmálefni ætla leiðtogar heimsins að koma saman á árþúsundaráðstefnu. Nýjar samskiptaleiðir hafa gert öllum mögulegt hafa samskipti við hvern sem er á plánetunni. Efnahagsleg upplausn í Asíu ógnaði efnahagslífi heimsins en ól af sér viðleitni til að ráða bót á aðsteðjandi ástandi og finna leiðir til að koma á sanngirni í alþjóðlegri verslun og fjármálum. Þetta eru aðeins fáein dæmi um tvær andstæðar en gagnvirkar tilhneigingar sem eru að verki á okkar tímum og staðfesta innblásna niðurstöðu Shoghi Effendi um öflin sem eru að verki í hinni meiri áætlun Guðs, „sem hefur það endanlega markmið að sameina mannkynið og koma á friði meðal allra manna“.

Í lok þessara fjögurra viðburðaríku ára erum við komin að stórbrotnum tímamótum sem fela í sér upphaf og endi í margs konar skilningi er hinn gregoríski tími og bahá'í tímaskeiðið mætast. Í einum skilningi felur þessi miðpunktur í sér að tuttugustu öldinni er vafið saman og í öðrum að nýtt svið opnast í framþróun mótunaraldarinnar. Yfirsýnin frá þessum tveimur tímarömmum fær okkur til að íhuga sjónarspil heimsmótandi strauma sem hafa tengst saman og hugleiða það í tengslum við innblásna sýn Shoghi Effendi við upphaf framkvæmdanna við Bogann sem hann hannaði. Í áætluninni tók þessi sýn á sig kristaltæra mynd um leið og byggingarframkvæmdunum á Karmelfjalli vatt fram, um leið og heimsleiðtogar tóku djörf skref til að leggja grunninn að

hnattrænum pólitískum friði og þegar svæðisbundnar og þjóðlegar bahá'í stofnanir komust á nýtt stig í þróun sinni. Við berum með okkur helga og varanlega minningu tuttugustu aldarinnar sem færir okkur aukinn styrk um leið og hún markar okkur stefnu: minninguna um það frjóa andartak í sögu mannkynsins þegar Miðja sáttmála Bahá'u'lláh, á ferli sem á sér enga hliðstæðu, hannaði burðargrind nýs heimsskipulags og þegar Verndari trúarinnar, á ógnvænlegum eyðingartímum, helgaði ítrustu krafta sína því verkefni að reisa innviði stjórnskipulags sem í lok aldarinnar stendur í auglýsni heimsins í heildstæðri meginmynd sinni. Við komum þannig að brú milli tímasteiða. Hæfninni sem þróaðist á öld baráttu og fórna af örfáum hugföngnum ástvinum Bahá'u'lláh verður nú að beita við úrlausn þeirra óumflýjanlegu verkefna sem eru eftir á mótunaröldinni, en hin mörgu tímabil þrotlauss erfiðis þeirrar aldar munu leiða okkur inn í gullöld trúar okkar þegar hinn mesti friður mun ríkjá á jörðinni.

Á þessari Riðvánhátíð byrjum við nú á tólf mánaða áætlun. Þótt hún sé stutt, verður hún að koma í framkvæmd vissum bráðnauðsynlegum verkefnum og leggja grundvöllinn að næstu tuttugu ára framsókn hinnar guðdómlegu áætlunar Meistarans. Það sem hófst svo vandvirknislega fyrir fjórum árum – kerfisbundin öflun þekkingar, eiginleika og þjónustuhæfni – verður að aukast. Alls staðar þar þjóðar og héraðsþjálfunarstofnanir eru starfandi verða þær að koma þeim áætlunum og námskerfum sem þær hafa tekið upp í fullan gang. Nýjar þjálfunarstofnanir verður að stofna þar sem slíkar þarfir hafa verið skilgreindar. Stærri skref verður að taka til að kerfisbinda kennslustarf bæði á vegum einstaklinga og í umsjá stofnana. Það er aðallega í þessum tilgangi sem ráðgjafarnir og þjóðarráðin hafa á allmörgum svæðum á hverju meginlandi komið á laggirnar „áætlunum um svæðisbundinn vöxt“. Árangur þeirra mun færa okkur reynslu til gagns fyrir áætlanir í framtíðinni. Einstaklingarnir, stofnanirnar og svæðissamfélögin eru hvött til að beina athygli sinni að þessum meginverkefnum til þess að vera fyllilega reiðubúin fyrir fimm ára verkefnið sem á að hefjast á Riðvánhátíðinni árið 2001 – verkefni sem mun færa bahá'í heiminn á næsta stig í þróuninni áleiðis til hópinnngöngu.

En auk þess sem athyglin beinist að þessum verkefnum, þarf að mæta knýjandi ögrun: Börn okkar þarf að næra andlega og þau þurfa að taka þátt í lífi málstaðarins. Þau má ekki láta reka á reiðanum í veröld sem er svo full af siðferðilegum háska. Við núverandi aðstæður þjóðfélagsins horfast börnin í augu við grimmileg örlög. Margar milljónir í mörgum löndum hafa misst félagslegar rætur sínar. Börnin skynja firringu foreldra sinna og annarra fullorðinna hvort sem þau lifa í fátækt eða velmegun. Þessi firring á sér upptök í eigingirni sem stafar af efnishyggjunni sem er við rætur þess guðleysis sem grípur hjörtu fólks alls staðar. Félagsleg röskun á högum barna á okkar tíma er öruggt merki um hnignandi þjóðfélag. Þetta ástand er samt sem áður ekki bundið við neinn sérstakan kynstofn, stétt, þjóð eða efnahagslegar aðstæður – hún nær þvert yfir öll slík mörk. Það hryggir hjörtu okkar að sjá að í svo mörgum heimshlutum eru

börnin notuð í hernaði, misnotuð í erfiðisvinnu, seld í ánauð, neydd til vændis, gerð að fórnarlömbum kláms, yfirgefin af foreldrum sem eru uppteknir af sínum eigin ástríðum og misnotuð á svo marga vegu að of langt yrði upp að telja. Mörg slík hryllingsverk vinna foreldrarnir sjálfir á sínum eigin börnum. Það er óhugsandi að veða eða meta andlega og sálfræðilega tjónið sem af þessu hlýst. Heimssamfélagið okkar getur ekki sloppið undan afleiðingunum af þessum aðstæðum. Þessi skilningur ætti að hvetja okkur öll til brýnnar og stöðugar viðleitni til hagsbóta fyrir börnin og framtíðina.

Jafnvel þótt barnastarf hafi verið hluti fyrri áætlana, hefur það ekki fullnægt þörfinni. Andleg uppræðsla barna og unglunga er gríðarlega mikilvæg fyrir frekari framfarir samfélagsins. Þess vegna er höfuðnaðsyn að bætt sé úr þessari vöntun. Þjálfunarstofnanir verða að tryggja að áætlanir þeirra geri ráð fyrir þjálfun barnakennara sem geta boðið svæðissamfélögunum þjónustu sína. En þótt það sé höfuðatriði að útvega börnunum andlega og akademíska uppræðslu, þá er þetta aðeins hluti þess sem verður að gera til að þjálfar lunderni og móta persónuleika þeirra. Það er einnig nauðsynlegt fyrir einstaklinga og stofnanir á öllum stigum, það er að segja samfélagið í heild, að tileinka sér rétt viðhorf til barnanna og sýna almennan áhuga á velferð þeirra. Slíkt viðhorf ætti að vera fjarri öllu sem viðgengst í ört hnignandi skipulagi.

Börnin eru dýrmætasti fjársjóðurinn sem samfélagið getur átt því þau eru fyrirheit og trygging framtíðar. Þau bera með sér fræ framtíðar þjóðfélags sem mótast að miklu leyti af því sem hinir fullorðnu í samfélaginu gera eða láta undir höfuð leggjast að gera varðandi börnin. Þau eru vörslufé sem ekkert samfélag getur vanrækt sér að meinalausu. Alltumlykjandi ást á börnunum, hvernig komið er fram við þau, sú athygli sem þeim er sýnd, andinn í hegðun hinna fullorðnu gagnvart þeim – allt eru þetta lífsnauðsynlegir þættir í réttu viðhorfi til barna. Ást krefst aga, hugrekkis til að venja börnin við erfiðleika, þess að ekki sé látið eftir duttlungum þeirra né að þau fái að leika algjörlega lausum hala. Viðhalda þarf andrúmslofti þar sem börnunum finnst að þau tilheyri samfélaginu og eigi aðild að áformum þess. Þeim verður að leiðbeina með ástúðlegum en þó ákveðnum hætti til að lifa samkvæmt bahá'í viðmiðum, að læra um málstaðinn og kenna hann með þeim hætti sem hentar kringumstæðum þeirra.

Meðal hinna ungu í samfélaginu eru unglingar, sem eru t.a.m. á aldrinum 12-15 ára. Þeir eru sérstakur hópur sem hefur sérstakar þarfir þar sem þeir eru að nokkru leyti milli barnæsku og unglingsára þar sem margs kyns breytingar eiga sér stað innra með þeim. Með hugvitsömum hætti verður að gefa gaum að því verkefni að fá þau til að taka þátt í skipulögðum verkefnum sem geta vakið áhuga þeirra, mótað hæfni þeirra til kennslu og þjónustu og dregið þau inn í félagsleg samskipti við eldri ungmenni. Beiting listrænnar tjáningar í ýmsum myndum getur verið mjög dýrmæt í slíkri starfsemi.

Og nú viljum við beina nokkrum orðum til foreldra sem bera höfuðábyrgð á uppeldi barna sinna. Við heitum á þau að veita andlegri uppfræðslu barna sinna stöðuga athygli. Sumir foreldrar virðast halda að þetta sé á ábyrgð samfélagsins. Aðrir halda að til þess að varðveita sjálfstæði barnanna til að rannsaka sannleikann eigi ekki að kenna þeim trúna. Ekkert af þessu er rétt. Meistarinn ástkæri hefur sagt: „Feðrum og mæðrum er gert að skyldu að reyna af öllum mætti að þjálfra dætur sínar og syni,“ og hann bætir því við að „skyldu þau vanrækja þetta málefni verða þau gerð ábyrg og eru verðug ávítana í návist hins stranga Drottins.“ Foreldrar, án tillits til hvaða menntun þau hafa, eru í lykilaðstöðu til að móta andlegan þroska barna sinna. Þeir ættu aldrei nokkru sinni að vanmeta hæfni sína til að móta siðferðisskaphöfn barna sinna, því þau hafa óhjákvæmileg áhrif með heimilisumhverfinu sem þau skapa meðvitað með ást sinni á Guði, viðleitni sinni til að fylgja lögum Hans, viðhorfi sínu til þjónustu við málstað Hans, skorti sínum á ofstæki og frelsi sínu frá tærandi áhrifum baktals. Sérhvert foreldri sem trúir á Hina blessuðu fegurð hefur ábyrgð að hegða sér þannig að þau hljóti þá sjálfviljugu hlýðni barnanna við foreldrana sem kenningarnar meta svo mikils. Til viðbótar við viðleitnina sem sýnd er heima fyrir ættu foreldrarnir að styðja við bahá'í barnakennslu sem samfélagið stendur fyrir. Það verður einnig að hafa í huga, að börnin lifa í heimi sem upplýsir þau um hrjúfan raunveruleikann með beinni snertingu við hryllinginn, sem lýst var hér á undan, eða með óumflýjanlegum og stöðugum áhrifum fjölmiðla. Mörg þeirra verða því neydd til að þroskast fyrir tímann og meðal þeirra eru þau sem leita eftir gildum og aga til að haga lífi sínu eftir. Andspænis þessu dapurlega sviði úrkynjaðs þjóðfélags, ættu bahá'í börn að skína sem tákn um betri framtíð.

Væntingar okkar lifna við þá tilhugsun að álfuráðgjafarnir munu koma saman í Landinu helga í janúar 2001 og verða viðstaddir þann hátíðlega viðburð er Alþjóðlega kennslumiðstöðin flytur í varanlega aðstöðu á Hæð Guðs. Aðstoðarráðgjafar hvaðanæva að úr heiminum munu taka þátt í atburðinum með þeim sem án efa verður einn af sögulegum viðburðum mótunaraldarinnar. Samkoma slíks hóps bahá'í embættismanna hlýtur eðli málsins samkvæmt að verða til gífurlegs gagns fyrir samfélag sem þá verður nærri komið að lokum einnar áætlunar og að upphafi annarrar. Er við íhugum það sem þetta felur í sér snúum við hjörtum okkar í þakklæti til hinna ástkæru handa málstaðarins 'Alí-Akbar Furútan og 'Alí Muḥammad Varqá, sem með búsetu sinni í Landinu helga halda á lofti kyndli þjónustunnar sem Verndarinn ástkæri kveikti í hjörtum þeirra.

Með þessari tólf mánaða áætlun göngum við yfir brú sem aldrei verður farið yfir aftur. Við hrindum þessari áætlun úr vör í jarðneskri fjarvist Amatu'l-Bahá Rúhíyyih Khánun. Hún var með okkur nánast til loka tuttugustu aldarinnar sem ljósgeisli þess ljóss sem hafði skinið á því óviðjafnanlega tímasteiði í sögu mannkynsins. Í Töflum hinnar guðlegu áætlunar harmaði Meistarinn að hann gæti ekki ferðast um allan heim til að hefja upp hið himneska

kall og í ákefð vonbrigða sinna skrifaði hann þessa von: „Guð gefi að ykkur takist það!“ Amatu'l-Bahá svaraði með takmarkalausri orku og ferðaðist til fjarlæggra staða á jörðinni í þeim 185 löndum sem nutu þeirra forréttinda að fá óeftirlíkjanlegar gjafir hennar. Fordæmi hennar, sem mun ávallt halda ljóma sínum, upplýsir hjörtu þúsunda um allan heim. Þegar allt annað látbragð nægir ekki, gætum við ekki tileinkað auðmjúkri viðleitni okkar, meðan á þessari áætlun stendur, minningu þeirrar sem leit á kennsluna sem frumtilgang og fullkominn lífsfögnuð?

[undirritað: Allsherjarhús réttvísinnar]